

Í seinna skiptið áttum við minnisstæðar samræður á kaffihúsi við Ráðhústorgið og skrifaði ég þá niður lista af skemmtilegum bókum sem Ellen benti mér á.

Að lokum vil ég þakka fyrir þá gæfu að hafa átt samneyti við slíka mannkostakonu, og votta fjölskyldu hennar innilega samúð.

Eva Hallvarðsdóttir.

Ellen elskuðu allir í skólanum. „Hún var sanngjarn og góður kennari,“ sagði fyrrverandi nemandi. „Hún var yndisleg manneskja,“ sagði samkennari. Mikill tregi fylgir því að sjá fyrir sér skólanum okkar og kennarastofuna að Ellen fjarverandi. Þegar við skildum í vor áttum við von á að hitta hana aftur með elskulega brosið sitt, jákvæða viðmótið og dillandi hláturinn, eins og við þekktum hana alltaf. Nú er hún farin frá okkur með engum fyrirvara.

Ellen Thorarensen kenndi við Fjölbrotaskólann í Breiðholti frá hausti 1986, fyrst ensku og sögu en síðar alfarið ensku. Hún kenndi jöfnum höndum í dag- og kvöldskóla og hefur fólk á ýmsum aldri því notið leiðsagnar hennar síðustu þrjú áratugin. Ellen á drjúgan þátt í sterkri stöðu enskunnar í skólanum. Hún var fagmaður í fremstu röð, kennari sem í hógværst sinni efir hróður heillar starfsstéttar.

Þvílík auðlegð að hafa slíka manneskju í hópi okkar. Hún einfaldaði alla hluti, vann í látleysi, afgreiddi erfið mál á yfirleðislausan og öruggan hátt, eins og ekkert væri sjálfsgáðara. Hún sinni starfinu af lífi og sál og nemendur sóttust eftir að vera í enskuhópi hjá henni. Mjög oft sat hún á kennarastofunni með enska skáldsögu í höndunum. Var að fara enn einu sinni yfir textann til að vera með efnið á reidum höndum. „Maður þarf alltaf að rifja þetta upp,“ sagði hún mér, „einstök atriði þurfa að vera í fersku minni þegar komið er inn í kennslustofuna.“

Það var eitthvað í framkomu og fasi Ellenar sem laðaði fólk að henni. Falleg rödd hennar, hlýja og mildi sem hún auðsýndi fólk kallaði fram jákvæðustu tilfinningar okkar. Fastur liður var að þegar enskupróf var haldið í lok annar kom hún með dýrindis heimagerð bakkelsi og bauð okkur. Það var almennt tilhökkunar-efni meðal starfsmanna og sannindamerki um umhyggju hennar. Að missa Ellen er áminning um það hversu dýrmætt lífið er, hversu mikilvægt er að muna að við njótum samvista í takmarkaðan tíma, að við þurfum að nýta hann vel, vanda okkur og vera góð hvert við annað.

Fyrir hönd starfsfólks og nemenda Fjölbrotaskólans í Breiðholti votta ég aðstandendum Ellenar innilega samúð okkar. Minningin um Ellen Thorarensen mun lifa með okkur um ókomna tíð.

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir.

Ellen Thorarensen kenndi ensku við Fjölbrotaskólann í Breiðholti í tæp 30 ár. Við enskukennarar við skólan sóknum einstaks vinnufélaga og góðs og örláts vinar. Ellen var gædd óvenjulega mörgum mannkostum. Hún hafði einkar ljúfa lund og tók öllum sem hún umgekkst með bros á vör. Örlæti hennar í okkar garð og allra vinnufélaga var fáheyrt. Hún var sífellt gefandi, ekki einungis með hlýlegri og brosandri nærveru sinni og dillandi hlátri heldur einnig með hlöðnum veisluborðum og kræsingum. Aldrei var Ellen kátari en þegar hún gat boðið fólk til veislu. Við minnumst enskuprof-daganna þegar Ellen bar með sér að heiman alls kyns góðgæti til að gleðja fyrrsetukennara og aðra starfsmenn. Sagt var að margir

kennarar hefðu sérstaklega óskað eftir yfirsetu í enskuprofum vegna kræsinganna sem voru í vændum.

Ellen var frábær kennari. Hún gerði kröfur til sjálfrar sín, nemenda sinna og okkar, nánustu vinnufélaga sinna, en á sama tíma var hún sanngjörn og viðsýn, ekki síst í garð nemenda sem áttu við einhvers konar námserfiðleika að stríða. Hún var óserhlífir og bóngóð og sjálfsagt nutum við samkennarar hennar ótæpilega góðs af því ekki síður en fjöldi nemenda. Á óteljandi deildarfundum, þar sem hún var oft í seinni tíð eina konan með fimm eða sex körlum, hafði hún einstakt lag á að miðla málum, finna sanngjarnar lausnir sem allir gátu sætt sig við og síðast en ekki sist koma öllum í gott skap með spaugi, gjarnan á eigin kostnað, og veglegum kræsingum.

Við söknum vinar í stað og sendum systkinum hennar og fjölskyldum þeirra innilegar samúðarkveðjur.

Barclay, David, Guðbjörn, Guðjón Ó., Gunnar M., Stefán, Þorvaldur.

Þegar skólasterfi lýkur á vorin í Fjölbrotaskólanum í Breiðholti er mikið um hlýjar kveðjur og faðmlög með ósk um gjöfult og nærandi sumarfrí. Ein þeirra sem var föðmuð í vor var hún Ellen okkar. Engri okkar datt í hug að þetta væri okkar síðasta faðmlag. Við sviplegt fráfall Ellenar enskukennara er stórt skarð höggvið í kennarahópinum í FB sem ekki verður fyllt og okkur setur hljóðar. Erfitt er að hugsa sér kennarastofuna án hennar.

Ellen var einkar góður samstarfsfélagi og elskuleg vinkona. Hún hafði afar hlýja og góða nærveru og var stutt í glettnislegt augnarád, fallett bros og dillandi smitandi hlátur. Hún var einnig mikill vinur vina sinna og alltaf reiðubúin að aðstoða og veita góð ráð. Hún var vakandi og hugulsöm og gleymdi aldrei að óska gleðilegra jóla og sumars og að gleðjast yfir margvíslegum áföngum í lífi samferðamanna sinna. Þá sýndi hún yngri samstarfsfélögum mikla virðingu og hlustaði af áhuga og fordómaleysi á það sem þeir höfðu fram að færa.

Ellen var einnig leiftrandi greind, fylgdist vel með og sem kennari var hún mjög fagleg. Hún var leitandi þegar kom að námsefni við hæfi nemenda og var opin og jákvæð gagnvart nýjungum í kennslu og námsefni. Henni var mjög annt um nemendur sína, gerði kröfur til þeirra og eyddi sjálf ómældum tíma í undirbúning og yfirferð verkefna. Nemendur kunnu einnig vel að meta Ellen og hún var ekki síður vel liðin af þeim en samstarfsfélögum sínum.

Ellen var mikil félagsvera og hafði ótrúlega gaman af veislum. Ef til stóð að gera sér dagamun var Ellen alltaf til í að vera með og leggja hönd á plóg. Hún var ekki lengi að reiða fram dýrindishnallþörur og ekki fannst okkur verra ef hún bætti nokkrum sherrydropum í kremið. Hún var líka svo mikil skvísa að ef hún náði ekki að lakka neglurnar að kvöldi gerði hún það gjarnan fyrir fyrstu kennslustund kl. 8 á kennarastofunni.

Blessuð sé minning Ellenar, hennar verður sárt saknað.

Hver minning dýrmæt perla að líðnum lífsins degi, hin ljúfu og góðu kynni af allhug þakka hér. Þinn kærleikur í verki var gjöf, sem gleymist eigi, og gæfa var það öllum, er fengu að kynnast þér. (Ingibjörg Sigurðardóttir)

Anna María, Ágústa Unnur, Ásgerður, Áslaug, Berglind Halla, Guðlaug, Guðrún Jóns, Sigríður Anna og Sigrún Birna.

Guðmunda Elíasdóttir

† **Guðmunda Elíasdóttir óperusöngkona** fæddist í Bolungarvík 23. janúar 1920. Hún lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 2. ágúst 2015, 95 ára að aldri.

Guðmunda var dóttir Elíasar Þórarins Magnússonar, formanns í Bolungarvík, f. 1878, d. 1923, og Sigríðar Jensdóttur húsfrøyju, f. 1881, d. 1968.

Guðmunda giftist Henrik Knudsen gullsmíðameistara, f. 1918, d. 1993, þann 24. október 1943. Þau hjuggu í Danmörku til 1945 en eftir það ýmist á Íslandi, í Danmörku eða í New York þar til þau slitu samvistum. Börn þeirra eru Bergþóra, f. 1944, d. 1946, Hans Albert, f. 1947, d. 2009, og Sif Knudsen, f. 1950. Guðmunda giftist Sverri



stúlku, og Helen Sif á sömuleiðis dreng og stúlku.

Börn Sifjar Knudsen og Stefáns Ásgrímssonar eru Guðmundur Elías, f. 23. janúar 1974, og Sigurlaug Knudsen, f. 6. október 1978. Guðmundur Elías á tvö börn, stúlku og dreng, og Sigurlaug á sömuleiðis dreng og stúlku.

Guðmunda ólst upp á Grundum í Bolungarvík fyrstu sex árin en faðir hennar drukknaði er hún var á fjórða ári. Hún flutti

Kristjánssyni, sagnfræðingi og rithöfundu, f. 1908, d. 1976, voridd 1973.

Börn Hans Alberts Knudsen og Laufeyjar Ármannsdóttur eru Henrik, 25. júlí 1984, og Helen Sif, f. 15. nóvember 1987. Henrik á tvö börn, dreng og

stúlku, og Helen Sif á sömuleiðis dreng og stúlku.

Börn Sifjar Knudsen og Stefáns Ásgrímssonar eru Guðmundur Elías, f. 23. janúar 1974, og Sigurlaug Knudsen, f. 6. október 1978. Guðmundur Elías á tvö börn, stúlku og dreng, og Sigurlaug á sömuleiðis dreng og stúlku.

Guðmunda ólst upp á Grundum í Bolungarvík fyrstu sex árin en faðir hennar drukknaði er hún var á fjórða ári. Hún flutti

Elskuleg móðursystir mín Guðmunda Elíasdóttir lést fyrir fáum dögum. Hún og mamma mín, Þorgerður Nanna Elíasdóttir, voru einu alsysturnar af stórum systkinahópi. Þær misstu föður sinn barnungar og móðir þeirra Sigríður Jensdóttir fékk ekki bætur eða meðlög þegar afi Elías fórst á Ísafjarðardjúpi á báti sínum Agli Skalla-grímssyni. Hún stóð uppi ekkja í annað sinn og tók þá til við sitt fag, en hún var lærd þjóðbúningarsöngkona. Þær mæðgur þrjár bösluðu saman og voru nánar alla tíð. Mumma móðursystir var í æsku minni sem ævintýrapersóna, bjó í Ameríku og síðar Danmörku en kom þó stundum hingað með börn sín Hans Albert og Sif. Bergþóra, elsta barnið, var jafnaldra mín, en hún dó í bernsku. Ég hef alltaf saknað hennar í hjarta mínu.

Þegar Mumma flutti hingað heim var ég um tvítugt og nýtt-skrifuð úr leiklistarskóla. Hún hafði metnað fyrir mína hönd hvað leiksviðið snerti og bauð mér að koma til sín í söngtíma. Ég þáði það góða boð og sú kennsla var til þess að við frænkur kynntumst mjög vel. Böndin sem þá voru mynduð

styrktust æ meira, því lengra sem leið á sameiginlega vegferð okkar.

Guðmunda Elíasdóttir var mikilhæf og metnaðarfull kona, blessuð með óvenjulega léttri lund og æðruleysi. Jafnvel hin alvarlegustu mál áttu sér skondnar hliðar þegar þau voru rædd við Mummu. Hún hafði mikla félagslega greind í viðbót við aðra ríkulega hæfileika sem hún fékk í vöggugjöf. Það var því ekki ónýtt að eiga hana að lífsbaráttunni. Premur af sex börnum mínum kenndi hún söng og dótturdóttur minni, sem fékk Nönnunafnið, hélt hún undir skír. Mér þótti afskaplega vænt um Mummu, sem og börnunum mínum. Okkur finnst við því hafa misst mikið. Þó að Mumma væri örðin háöldruð var hún samt alltaf svo ung í anda. Ög þess þá heldur sjá Sif, dóttir Mummu, og Laufey, tengdadóttir hennar, og fjölskyldur þeirra á eftir ástúðlegri og umhyggjusamri ættmóður. „Famílien Mumma,“ eins og hún skrifaði oft á gjafa- og jólakort, hefur verið sérstaklega samheldin í gegnum tíðina. Ég og fjölskylda mín sendum nánasta fólkinu hennar Mummu innilegar sam-

með móður sinni að Látrum í Aðalvík árið 1926 og síðan til Ísafjarðar, þar sem þær hjuggu til 1932. Þá fluttu þær til Reykjavíkur. Guðmunda átti tvær alsystur, sjö hálf systkini samfedra og sex hálf systkini sammæðra.

Guðmunda fór ung til Kaupmannahafnar til söngnáms við Konservatoríuð 1939. Hún stundaði einnig söngnám hjá Kristian Riis í Kaupmannahöfn, í París og í New York. Hún söng síðan í óperum, inn á hljómlötur og í útvarp á Íslandi og erlendis.

Guðmunda flutti alkomin til Íslands í upphafi áttunda áratugarins og lék eftir það talsvert á sviði og í talsverðum fjölda kvikmynda jafnframt því að kenna söng í tónlistarskólum og í einkatímum. Ævisaga hennar, Lífsjátning, sem Ingólfur Margeirsson skrifaði, kom út 1982 og þótti marka tímamót í ævisagnaritun fyrir einlægni og hispursleysi. Guðmunda var heiðurslistamaður Alþingis frá 1995.

Guðmunda verður jarðsöngin frá Landakotskirkju í Reykjavík í dag, 7. ágúst 2015, kl. 15.

údarðarkveðjur, sem og öðrum sem sakna hennar og syrgja, en þeir eru margir. Ævisaga Guðmundu, Lífsjátning eftir Ingólf Margeirsson, er merk bók, þó að margt hafi Mumma lifað síðan hún kom út, svo sem að gerast kvikmyndaleikkona, en hún lék í mörgum kvikmyndum eftir stjótt. Oft þegar ég kvaddi Mummu frænku í seinni tíð hvíslaði hún í eyrað á mér milli kossanna: „Þakka þér fyrir tryggðina Guðrún mín.“ Nú er komið að leiðarlokum og mitt að þakka órofa tryggð og ást sem Mumma mín sýndi mér og mínum alla tíð. Aftur innilegar samúdarðarkveðjur til ykkar, Sif mín og Laufey, og fjölskyldna ykkar.

Guðrún Guðlaugsdóttir.

Þegar ég lít til baka finnst mér að ég hafi verið hálfgerð barn. Fylgdarsveinn minn – skáldið – var að vísu af barnsaldri en engu að síður unglingslegur og óreyndur. Hann tók starf sitt mjög alvarlega, gætti mín af stakri samvirkusemi og hvorki gantaðist við mig né áreiðti. Engu að síður villtumst við af leið – og í heilan dag vorum við strandaglópar í New

York. Þar hafði skáldið setið á skólabeck nokkrum árum fyrr.

Ég var berfætt í nýjum skóm, sem ég hafði keypt til fararinnar, og var svo sár fyrsta kvöldið að ég vafði blautum handklæðum um fætturna svo að ég gæti sofnað eftir langar göngur og skáldlegar lýsingar á leyndardómum þessarar höfuðborgar heimsins.

Það var á þessari löngu göngu endur fyrir löngu sem ég hitti Guðmundu Elíasdóttur í fyrsta sinn. Hún var einn af leyndardómum borgarinnar – gott ef skáldið var ekki skotið í henni. Hann varð einhvern veginn hjartari og glaðari í návist hennar, tók á sig nýjan svip. Gott ef ég gerði það ekki líka.

Enda var hún ómóttstæðileg og töfrandi í allsleysi sínu. Brosandi opnaði hún faðminn og bauð okkur velkomin í sitt hús. Ég man sérstaklega eftir sérkennilegum augnsvipnum, dimmum og dularfullum. En samt var glettnin alltaf skammt undan. „Ég er að vestan,“ sagði hún, „þrjósök og einbeitt, eins og Bolvíkinga er háttur.“ Svo hló hún eins og krakki, villt og óstýrilát. Váá..., hvað ég heilladist af þessari konu. Og um leið fann ég til þess hvað ég sjálf var mikið barn og átti margt ólært. Hér var engin meðalmaneskja á ferð.

Svo liðu mörg ár. Við kysstumst og klöppuðum hvor annarri á síðkvöldum í búningsherbergjum Þjóðleikhússins, ýmist dansandi, leikandi eða syngjandi. En ekkert meir. Báðar önnur kafnar, sjálfsgaft. Það var svo ekki fyrr en Guðmunda fór að setja svip sinn á Vesturgötuna – götuna okkar – mörgum árum seinna að mér gafst aftur tækifæri til að sitja við fótskör hinnar lífsreyndu, gáfuðu og fallgu konu. Og Vesturgatan varð aldrei söm eftir það. Það geislaði af Guðmundu, söngurinn barst út á götu, hláturinn vyljaði þeim sem framhjá gengu. Dyr hennar stóðu opnar gestum og gangandi, hvenær sem var og hvernig sem á stóð. Blómin á tröppunum og ljósið í glugganum laðaði að. Og umræðuefni voru óþrjótandi. Fram á síðustu stundu var hún að miðla öðrum af þekkingu sinni og dýrkeyptri reynslu á langri ævi.

Vertu sæl, Guðmunda, og þökk fyrir ógleymanleg kynni. **Bryndís Schram.**

Trausti Aðalsteinsson

† **Trausti Aðalsteinsson** fæddist 21. desember 1928. Hann lést 14. júlí 2015.

Útför Trausta fór fram 24. júlí 2015.



Elsku langafi. Mér þykir leitt að þú hafir farið.

Sjáumst síðar hér og víðar.

Elsku langafi, ég elskaði þig mjög heitt.

Láttu þér líða vel uppi á himnum.

Skúli T. Traustason.

Elsku afi, engin orð fá því lýst hversu mikið ég dáði og elskaði þig. Ég mun aldrei gleyma góðu minningunum sem við áttum saman. Þegar amma sá ekki til fórum við í ísskápinn og fengum okkur súkkulað sem amma keypti fyrir baksturinn. Þú dekradír mig svo mikið, elsku afi minn. Þú skutlaðir mér hvert sem ég þurfti að fara eða hélst á mér ef ég var þreytt eða hrædd við

kóngulær og vildi ekki labba. Þegar ég gisti hjá ykkur ömmu þá leyfdir þú mér alltaf að sofa í þínu plássi í hjónarúminu og ég fékk að hafa góðu mjúku sængina þína. Ég sakna þín svo mikið, ég varla trúu að þú sért farinn frá mér. Ég vona að þér líði vel þar sem þú ert núna og ég hlakka til að hitta þig þegar að því kemur.

Elsku besti afi, hvíldu í friði.

Þín afastelpa,

Rebekka.

Elsku afi okkar, hvað við söknum þín mikið. Ljóðið lýsir þér fullkomlega og þú munt alltaf vera í hjörtum okkar. Nú hefur það því miður gerst að vond frétt til manns berst. Kær vinur er horfinn okkur frá því lífsklukkan hans hætti að slá Rita vil ég niður hvað hann var mér kær

afi minn góði sem guð nú fær. Hann gerði svo mikið, hann gerði svo margt og því miður get ég ekki nefnt það allt

Að tala við hann var svo gaman á þeim stundum sem við eyddum saman.

Hann var svo góður, hann var svo klár æ, hvað þessi söknuður er sár.

En eitt er þó víst og það á við mig ekki síst að ég sakna hans svo mikið, ég sakna hans svo sárt hann var mér góður afi,

það er klárt.

En alltaf í huga mínum verður hann afi minn góði sem ég ann

í himnaríki fer hann nú þar verður hann glaður, það er min trú

Því þar getur hann vakað yfir okkur dag og nótt

svo við getum sofið vært og rótt hann mun ávallt okkur vernda vináttu og hlýju mun hann okkur senda.

Elsku afi, guð mun þig geyma yfir okkur muntu sveima en eitt vil ég þó að þú vitir nú minn allra besti afi, það varst þú. (Katrín Ruth 1979-)

Elsku afi okkar, hvíldu í friði. Þín barnabörn, **Trausti, Laufey og Rebekka.**

+

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

MÖRTHU MARÍU SANDHOLT, Hátúni 8 í Reykjavík,

sem lést 10. júlí síðastliðinn. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heimapjónustu og Heimahjúkrunar Reykjavíkurborgar fyrir einstaka þjónustu og viðmót.

Jenny Irene Sörheller, Stefanía Sörheller, barnabörn og langömmubörn.